

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Sorpstöð Rangárvallasýslu Strönd



<b>Dags eftirlits</b>	8.6.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Steinunn Karlsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Sorpstöð Rangárvallasýslu	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gottskálf Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Suðurlandsvegi 1	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6008932469	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ágúst Ingi Ólafsson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ómar Sigurðsson	<b>Staðsetning</b>	690508,452 590016,913

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlitið var eitt eldra frávik staðfest vegna bíla sem ekki eru geymdir á olíuheldu plani. Sjö ný frávik komu fram er varða magn brennanlegs úrgangs á svæðinu, lífrænan úrgang í geymslu, umgengni um svæðið, vanskil á grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi, olíutank á ófullnægjandi undirlagi og árekstrarvörn fyrir úrgangsolíutank. Tvær ábendingar komu fram annars vegar vegna girðingar um svæðið og hins vegar vegna landmótunar á svæðinu.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir skráningar og skiladag skv. starfsleyfi. Samhliða því var farið yfir úrbætur þær sem áttu að fara fram skv. úrbótaáætlun sem var samþykkt eftir seinna eftirlit ársins 2017.

Engar breytingar hafa orðið á starfseminni frá því í seinasta eftirliti. Engin umhverfisóhöpp hafa verið skráð.

Í seinasta eftirliti var skráð frávik vegna ökutækja sem ekki hafði verið komið upp á olíuhelt plan. Skv. úrbótaáætlun frá rekstraraðila sem samþykkt var af Umhverfisstofnun áttu öll ökutæki að vera komin upp á olíuhelt plan fyrir 1. júní sl. Töluvert af ökutækjum hafði við eftirlit verið komið upp á planið en einhver stærri tæki eru enn á ófullnægjandi undirlagi og því verður frávikinu ekki lokað.

Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur og rekstraraðili hvattur til að hafa markmiðin mælanleg.

Eftirlitsmælingar vegna ársins 2017 hafa allar borist eftirlitsaðila. Búið er að framkvæma þær mælingar í ár sem eiga að fara fram fyrir 1. maí en niðurstöður mælinganna eru ekki komnar. Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi hefur ekki verið skilað til Umhverfisstofnunar.

Stór haugur af kurluðu timbri er á svæðinu en samkvæmt gr. 1.2 í starfsleyfi má magn brennanlegs úrgangs á athafnasvæðinu ekki fara yfir 500 tonn. Mikið timbur var á svæðinu við eftirlit 30. júní 2016 og áætlaði eftirlitsaðili að um væri að ræða 10.000 – 15.000 tonn af timbri og trjágreinum í geymslu. Það timbur var kurlað en magnið af timbri á svæðinu hefur ekki minnkað mikið þó eitthvað af því hafi farið í aðra notkun. Því áætla eftirlitsaðili að á svæðinu sé meira en 500 tonn af brennanlegum úrgangi á athafnarsvæðinu. Áætlað er að nota timbrið til landmótunar.

Flokkunargámar á svæðinu eru snyrtilegir og vel merktir, við skoðun var vel flokkað í gámana.

Skv. gr. 2.1. í starfsleyfi skal rekstraraðili halda athafnasvæði sínu snyrtilegu. Skipulagi á svæðinu er að einhverju leiti ábótavant, þar má nefna úrgangur að sömu gerð geymdur á nokkrum stöðum á svæðinu t.d. hjólbarðar, brotajárn, tréflís og efnabambar. Jafnframt er mikið af hlutum eða mögulegum úrgangi til geymslu á svæðinu, þ.á.m. háspennukefli, gámar, gervigras, hjólbarðar, brotajárn, gamlar fokgrindur o.fl. Því er athafnasvæðið ekki að öllu leiti

snyrtilegt.

Hænsnaskítur er geymdur á urðunarstaðnum en það er ekki heimilt samkvæmt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun.

Engin ákvæði eru í starfsleyfi um tæmingu olúskilja og sandfanga en bent er á að samkvæmt 51. gr reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi skal olúskilja skoðuð reglulega en þó eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti og hún tæmd eftir þörfum. Skv. sömu grein skal tryggt að aðstæður á vettvangi séu með þeim hætti að auðvelt sé að fylgjast með frárennsli frá olúskilju og taka sýni úr frárennsli ef nauðsyn krefur. Í eftirliti benti eftirlitsaðili á að þegar mikil úrkoma er á svæðinu geti orðið mikið álag á olúskiljur og sandföng og þá sérstaklega af svo stóru plani eins og er í Sorpstöð Rangárvallasýslu. Því væri æskilegt að rekstraraðili að fylgdist vel með fráveitunni þegar úrkoma er mikil.

Olíugeymir til afgreiðslu á bifreiðar stendur á jaðri steypa plansins á athafnasvæði rekstraraðila, við hlið geymsins sleppir steypa planinu og við tekur möl. Skv. 41. gr reglugerðar nr. 884/2017 skal neyslugeymir til afgreiðslu á bifreiðar standa á afgreiðsluplani sem tengt er í olúskilju. Olía sem mögulega læki frá geyminum myndi að litlu leyti renna inn á steypa planið heldur færi hún mest megnis út í mölina við hlið geymsins. Rekstraraðili skal tryggja að möguleg olía sem læki frá tanknum renni í niðurfali á planinu. Rekstraraðili notar geymin til að fylla á stórvinn ökutæki sem ekki gott að keyra upp á steypa plan þar sem þau gætu eyðilegt undirlagið. Því er rekstraraðila bent á að steypa vegg sem hindrar að olía leki annað en inn á planið, aðrar úrlausnir geta komið til greina með samþykki Umhverfisstofnunar.

Frávík frá	Lýsing á frávíki
Gr. 1.2 í starfsleyfi	Skv. gr. 1.2 í starfsleyfi skal magn brennanlegs úrgangs á svæðinu ekki fara yfir 500 tonn en magn timburkurlis á svæðinu er yfir þeim mörkum.
Gr. 1.2 í starfsleyfi	Á svæðinu er geymdur hænsnaskítur en óheimilt er að geyma lífrænan úrgang á svæðinu þar sem það er ekki sérstaklega heimilað í grein 1.2. í starfsleyfi.
Gr. 2.1 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal halda athafnasvæðinu snyrtilegu skv. gr. 2.1. í starfsleyfi. Skipulagi á svæðinu er að einhverju leiti ábótavant, þar má nefna úrgangur að sömu gerð geymdur á nokkrum stöðum á svæðinu t.d. hjólbarðar, brotajárn, tréflís og efnabambar. Jafnframt er mikið af hlutum eða mögulegum úrgangi til geymslu á svæðinu, þ.á.m. háspennukefli, gámar, gervigras, hjólbarðar, brotajárn, gamlar fokgrindur o.fl.
Gr. 5.4 í starfsleyfi	Grænu bókhaldi fyrir árið 2017 hefur ekki borist Umhverfisstofnun en bókhald fyrir undangengið almannaks ár á að berast fyrir 1. maí árið eftir.
41. gr í reglugerð 884/2017	Olútankur til afgreiðslu á bifreiðar stendur á möl en skv.

gr. 41 í reglugerð 884/2017 skal slíkur neyslugeymir standa á plani sem tengt er í olfuskilju.

50. gr í reglugerð 884/2017

Skv. 50. gr. reglugerðar 884/2017 skulu allir olúgeymar staðsettir eða varðir þannig að þeir verði ekki fyrir hnjaski frá farartækjum. Úrgangsolútankur sem er á urðunarstaðnum er ekki varður fyrir hnjaski.

#### **ATHUGASEMDIR**

Bent er á að skv. 3. gr. reglugerðar nr. 738/2003 er landmótun hluti af endurnýtingu úrgangs og að í gr. 8.5 í viðauka IV við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir gefur viðkomandi Heilbrigðisnefnd út starfsleyfi fyrir endurnýtingu úrgangs. Því þarf rekstraraðili leyfi frá Heilbrigðisnefnd Suðurlands fyrir landmótun á athafnasvæðinu.

Girðing er í kringum athafnasvæðið en er hún víða orðin léleg. Rekstraraðila er bent á að fara yfir girðinguna og ganga úr skugga um að girðingin hindri aðgang manna og skepna eins er kveðið er á um í 2.1 í starfsleyfi.

#### **ANNAÐ**

Eftirlitsaðili vill benda á að nú stendur fyrir dyrum innleiðing á breytingarreglugerð við reglugerð nr. 442/2015 um raf- og rafeindatækja úrgang. Í breytingunni er gerð krafa um að raf- og rafeindatæki séu geymd þannig að bæði undirlag sé vatnshelt og með lekasöfnun en líka að tækin hafi einhvers konar ábreiðslu eða séu geymd innandyrá.

Reykjavík, 16.08.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Steinunn Karlsdóttir